



910. fundur stjórnar GSÍ, 20.03.2019 kl.18:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Á. Sverrisson, Hulda Bjarnadóttir, Jón B. Stefánsson, Hansína Þorkeldsdóttir, Hörður Geirsson, Bergsteinn Hjörleifsson og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 909. fundar var samþykkt og undirrituð

### 2. Tölvukerfi GSÍ, samningur Golfbox

Stjórn GSÍ hefur fengið í hendurnar lokadrög að samningi frá Golfbox ásamt minnisblaði IT nefndar GSÍ. Umræður fóru fram um samninginn og gerðu Bergsteinn og Haukur grein fyrir helstu atriðum samningsins ásamt því að fara yfir þau samningsmarkmið sem náðust og ekki náðust. Stjórnarfélagi GSÍ er nú falið það verkefni að kynna sér samninginn ítarlega fyrir næsta fund stjórnar þar sem afstaða verður tekin til undirritunar samningsins. Verði niðurstaðan sú að ganga að samningnum þá verður samningurinn undirritaður með fyrirvara um samþykki aukagolfþings, sem haldið verður 11. maí. Til stendur að halda annan kynningarfund fyrir kerfisstjóra golfklúbbanna, fari svo að samningurinn verði undirritaður. Á þeim fundi verður fundarmönnum gefinn kostur á að vinna í kerfinu sjálfu svo þeir geti kynnst því frá fyrstu hendi.

Fundarmenn ræddu einnig þau þinggögn sem senda ætti golfklúbbunum en endanleg ákvörðun verður tekin um þau á næsta stjórnarfund.

Fyrir fundinum lág erindi frá framkvæmdastjóra GKG, Agnari Má Jónssyni, dags. 15. mars sl. þar sem hann gagnrýnir að ekki hafi farið fram þarfagreining meðal klúbbanna í aðdraganda samningaviðræðanna, auk þess sem hann lýsir því yfir hann telji að hann og aðrir þingfulltrúar hafi, að svo stöddu, ekki hæfi eða getu til þess að taka ákvörðun um kaup á nýju tölvukerfi á komandi aukþingi. Ákveðið var að senda Agnari formlegt svar.

### 3. Stefnumótun GSÍ

Haukur Örn fór yfir tímalínu vinnu stýrihóps ásamt því að fara yfir þau gögn sem send hafa verið á stjórnir golfklúbbanna undanfarið. Niðurstöður kannana meðal stjórnarfólks og framkvæmdastóra hafa nú verið sendar út til þátttakenda.



#### 4. Mótamál, mótaskrá 2019

Opið bréf formanns GS, Jóhanns Páls Kristbjörnsson, til golfhreyfingarinnar var rætt í tengslum það að klúbburinn sagði sig frá fyrsta stigamóti ársins, með skömmum fyrirvara. Ákveðið var að mótanefnd GSÍ myndi svara Jóhanni og í framhaldinu yrði hafin leit að nýjum mótsstað. Hörður Geirsson fór yfir helstu atriði fundar mótanefndar sem haldinn var fyrir mótastjóra og framkvæmdastjóra í tengslum við mótahald GSÍ á næstu árum. Þá gerði Hörður grein fyrir umræðum á fundi mótanefndarinnar sjálfrar, sem fram fór fyrir í vikunni.

#### 5. Samstarfsaðilar

Haukur Örn fór yfir stöðuna eftir að bæði Eimskip og Íslandsbanki gáfu GSÍ formlegt afsvar um áframhaldandi samstarf. Eftir langt og farsælt samstarf við bæði fyrirtækin liggur því fyrir að leitað verður á ný mið. Stjórnarfolk var hvatt til þess að koma ábendingum á framfæri um mögulega framtíðar samstarfsaðila sambandsins og aðstoða eftir fremsta megni við slíka vinnu.

#### 6. Önnur mál

- Fulltrúar á aukagolfþingi. Samkvæmt lögum GSÍ eiga þar sæti sömu fulltrúar og sóttu Golfþing árið 2017.
- Dagskrá vorfundar stjórnar 25.-28. apríl var rædd.
- Næsti fundur var boðaður 28. mars 2019 kl.18:00 í fundarsal GSÍ

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl.19:55